



Næringarhnappur til næringargjafar hjá fullorðnum

Ýmsir sjúkdómar geta valdið því að einstaklingar nærast ekki. Næringarhnappur er settur til að hjálpa fólki, sem gengur illa að nærast, að uppfylla þörf fyrir orku- og næringarefni og vökva. Næringarhnappur fer í gegnum kviðvegg og magavegg og inn í maga (sjá mynd 1).



Mynd 1. Næringarhnappur

Ísetning næringarhnapps

Hægt er að setja næringarhnapp hjá þeim sem þegar eru með næringarslöngu (PEG/RIG-magaslöngu). Til að koma honum fyrir þarf fyrst að fjarlægja magaslönguna. Magaslangan er fjarlægð á göngudeild meltingar 10E á Landspítala, Hringbraut, og það tekur um 20-30 mínútur.

Alvarlegir fylgikvillar eru mjög fátíðir, en mikilvægt er að vita af þeim. Dæmi um alvarlega fylgikvilla eru ef gangur inn í maga rofnar þegar magaslanga er fjarlægð eða að næringarhnappur er ekki rétt staðsettur en það getur valdið lífhimnubólgu eða blæðingu frá kviðvegg.

Undirbúningur

Fasta þarf í þrjár klukkustundir áður en magaslangan er fjarlægð og hnappur settur í staðinn en taka má morgunlyf.

Blóðþynnandi lyf

Hætta þarf að taka blóðþynnagalyf fyrir ísetningu næringarhnapps og er það gert í samráði við lækni. Oftast er lyfjagjöf stöðvuð í 2-3 sólarhringa.

Ísetningardagur

Mæting er á göngudeild 10E Landspítala, Hringbraut. Notað er gel til staðdeyfingar en engin slævandi lyf eru gefin. Liggja þarf á bakinu meðan magaslangan er fjarlægð.

Gangur inn í magann er mældur og næringarhnappur af viðeigandi stærð settur í stað magaslöngunnar. Hnappurinn er strax tilbúinn til notkunar þegar honum hefur verið komið fyrir.

Sumir finna fyrir litilsháttar óþægindum þegar magaslangan er fjarlægð, en þau líða fljótt hjá.

Umhirða næringarhnapps

Þvo þarf hendur með sápu áður en hnappur er snertur. Best er að þrifa húðina í kringum opið (magastómað) með volgu vatni daglega og þerra síðan vel. Ef húð er viðkvæm er ráðlagt að bera þunnt lag af húðverjandi kremi á húðina kringum opið. Ráðlagt er að snúa hnappnum í opinu daglega. Óþarfi er að nota umbúðir, það dregur úr ertingu í húð og minnkar hættu á sáramyndun.

Sturta og bað

Óhætt er að fara strax í sturtu eftir að hnappur hefur verið settur. Bíða þarf með bað eða sundferðir í um viku eftir ísetningu.

Notkun hnapps, millislöngu og sprautu

Til að tengja næringarhnapp við næringarsett þarf svokallaða millislöngu. Mikilvægt er að viðhafa gott hreinlæti og þrifa millislönguna eftir hverja næringargjöf (sjá mynd 2).

1. Millislangan er þriffin eins og um hnífapör sé að ræða, það er með volgu vatni og sápu.
2. Millislangan er skoluð með köldu vatni, vatnið tæmt úr henni og hún geymd í ísskáp.
3. Sprauturnar eru teknar í sundur, þvegnar og þerraðar og einnig geymdar í ísskáp milli gjafa. Millislöngur geta dugað í tvær vikur, ef vel er gengið um þær.



Mynd 2. Millislanga

Þegar millislangan er fest á næringarhnappinn, er strik á millislöngunni sett inn hjá striki á næringarhnappi, millislöngu ýtt inn í hnappinn og snúið réttisælis (sjá mynd 3). Þá er millislangan föst og hægt að tengja næringarsett við. Þegar fjarlægja á millislönguna eru strikin aftur látin standast á og millislöngunni kippt úr hnappnum.



Mynd 3. Millislanga fest á næringarhnapp




Eftirlit

Eftirlit fer fram á göngudeild 10E, á Landspítala Hringbraut, á 3-6 mánaða fresti. Þar hittir sjúklingur hjúkrunarfræðing og næringarfræðing og eftir þörfum lækni. Endingartími hnapps getur verið 3-6 mánuðir. Skipt er um hnappa eftir þörfum og stærð og lengd endurmetin á göngudeildinni. Sjúklingur kemur með sinn hnapp til skiptingar á göngudeildina.

Næring

Næringarfræðingur metur orku- og næringarþörf og gerir næringaráætlun. Þar kemur fram hraði innrennslis, magn og tegund næringar. Næring um slöngu getur bæði verið notuð ein og sér eða sem viðbót við almenna fæðu um munn.

Á meðan á næringargjöf stendur og í 30 mínútur eftir að henni lýkur þarf að sitja uppréttur eða hækka undir höfði (45 gráðu hækkun) til að minnka hættu á bakflæði, sem getur valdið lungnabólgu, sjá mynd 4.



Mynd 4: Hækkað undir höfði eftir næringargjöf.

Munnhirða

Munnhirða er mjög mikilvæg þegar næring er gefin um hnapp. Bursta þarf tennur eða skola með munnskoli kvölds og morgna, þó ekki sé borðað um munn, til að halda tönnum hreinum og minnka hættu á sýkingum.

Ef kviðverkir, ógleði eða uppköst koma fram í tengslum við næringargjöf þarf að leita aðstoðar.

Lyfjagjöf um hnapp

Gefa má lyf í hnappinn. Sum lyf er hægt að fá í fljótandi formi. Ef nota þarf töflur má stundum mylja þær og leysa upp í volgu vatni í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni. Ekki má mylja sýruhjúpaðar töflur, krabbameinslyf og forðatöflur. Hnappurinn getur stíflast vegna fæðu eða lyfja. Því þarf alltaf að skola hann með að minnsta kosti 30 ml af vatni fyrir og eftir lyfjagjöf. Alls ekki má blanda lyfjum út í næringuna. Ef hnappur stíflast er best að nota volgt vatn til að losa um stífluna.

Kostnaður

Sjúkratryggingar Íslands (Sí) niðurgreiða næringu um hnapp, en allir greiða fasta upphæð mánaðarlega, sem er áætlaður eðlilegur matarkostnaður. Ef notuð er næring um slöngu að hluta til, breytast mánaðarlegar greiðslur með tilliti til þess. Fylgihlutir með næringu um slöngu það er næringarsett, hnappar, sprautur, grisjur og húðverjandi vörur eru niðurgreiddar að fullu. Æskilegt er að eiga auka næringarhnapp heima, ef skipta þarf með litlum fyrirvara. Sjúklingur á rétt á að fá eina fría heimsendingu á mánuði.

Ferðalög

Næringu um hnapp er hægt að gefa nánast hvar sem er, heima eða á ferðalögum. Þegar fljótandi næring er tekin með í flug þarf læknisvottorð. Hafa þarf samband við flugfélagið sem flogið er með og láta vita að ferðast sé með fljótandi næringu. Í flestum tilfellum er hægt er að kaupa næringu erlendis, en greiða þarf fyrir hana að fullu og fá síðan endurgreitt hjá Sjúkratryggingum Íslands þegar heim er komið. Auka þarf vökva um slöngu, um að minnsta kosti hálfan lítra á dag ef ferðast er í heitu loftslagi.

Fylgikvillar og viðbrögð við þeim

Daglega þarf að meta svæðið í kringum hnappinn með tilliti til verkja, roða, blæðingar, leka og bólgu.

Ef eftirtaldir minniháttar fylgikvillar koma upp er haft samband við göngudeild meltingar 10E á dagvinnutíma:

- Leki í kringum í hnapp
- Roði eða sýking í húð
- Óþægindi í kringum hnapp
- Ofholdgun (örvefur) í kringum op
- Vægir kviðverkir
- Ógleði og uppköst

Ef eftirtaldir alvarlegir fylgikvillar koma upp þarf strax að hafa samband við göngudeild meltingar 10E (kl. 08:00-16:00) eða speglunardeild 11D (um helgar og eftir klukkan 16:00 á virkum dögum):

- Hnappur rennur út úr maga að hluta eða að öllu leyti
- Versnandi verkir í kvið
- Slæmir verkir í kvið koma fram en þá þarf strax að stöðva næringargjöf og fasta
- Hiti hærri en 38,5°C innan viku frá ísetningu
- Blæðing

Í neyðartilvikum er leitað á bráðamóttöku eða hringt í 112

Hægt að fá frekari upplýsingar um næringarhnapp í viðtali á göngudeild.

Opnunartími, símanúmer og netfang

Göngudeild meltingar 10E, Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 08:00-16:00, sími: 543 2200 eða 825 9436.

Speglunardeild 11D, Landspítala við Hringbraut sinnir bráðatilvikum um helgar og eftir klukkan 16:00 á virkum dögum. Hringt er í skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og óskað eftir sambandi við hjúkrunarfræðing á bakvakt á speglunardeild.

Netfang: meltingarhjukrun@landspitali.is

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
ÁGÚST 2024
FRÆ-1136

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR SPEGLUNARDEILDAR 11D,
DEILDARSTJÓRI GÖNGUDEILDAR 10E
OG DEILDARSTJÓRI NÆRINGARSTOFU

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA